

Bæjarstjórn - 1903

FUNDARBOÐ

**1903. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 1.
febrúar 2023 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2212083 - Tinhella 3, 5, 7 og 9, umsókn um lóð

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 26.janúar sl.
Lögð fram umsókn Smáragarðs ehf. um atvinnuhúsalóðina
nr. 3,5,7 og 9 við Tinhellu.

Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð leggur til að Tinhellu 3, 5, 7 og 9 verði úthlutað til Smáragarðs ehf. og
vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**2. 2103163 - Áfanga- og markaðsstofa fyrir höfuðborgarsvæðið,
ráðgjafahópur.**

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 26.janúar sl.
4.liður úr fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 18.janúar sl.
Á 548. fundi stjórnar SSH sem fram fór 12. desember sl. samþykkti stjórn SSH
fyrir sitt leyti að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði sett á fót.
Fyrirliggjandi samningsdrög, ásamt fylgigögnum, lögð fram til kynningar.

Menningar- og ferðamálanefnd fagnar stofnun áfangastaðastofu
höfuðborgarsvæðisins og vísar erindinu til afgreiðslu í bæjarráði.

Kostnaður Hafnarfjarðarbæjar árið 2023 vegna Áfangastaðastofu fyrir
höfuðborgarsvæðið er 4.889.365 kr. og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í
fjárhagsáætlun 2023.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi samning með fyrirvara um samþykki hinna
sveitarfélaganna sem og að bæjarstjóra sé veitt umboð til undirritunar
samningsins. Framangreindu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2206136 - Straumsvík breyting á aðalskipulagi 2013-2025

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna
aðstöðu og aðkomu að Straumsvíkurhöfn og umferðaskipulag.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna aðstöðu og aðkomu að Straumsvíkurhöfn auk umferðaskipulags með vísan til 30.gr. skipulagslaga. Erindinu er jafnframt vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 2207031 - Hringhamar 27, deiliskipulag

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi reitar 26B. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur 5 hæða fjölbýlishúsum með allt að 48 íbúðum ásamt bílakjallara og smáhýsi á lóð. Á hluta jarðhæðar byggingar A er gert ráð fyrir verslun og/eða þjónustu sem fellur vel að íbúðabyggð.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulag reitar 26B og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

5. 2209696 - Hjallahraun 2, 4 og 4a, breyting á deiliskipulagi

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl. Skipulags- og byggingarráð samþykkti 3.11.2022 að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi Hrauns vesturs vegna sameiningu lóða og tilfærslu á byggingarreit að Hjallahrauni 2, 4 og 4a. Erindið var grenndarkynnt tímabilið 10.11.-12.12.2022. Athugasemd barst. Lagt fram svar skipulagsfulltrúa við framkominni athugasemd.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsfulltrúa og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Hrauns vesturs vegna sameininga lóða og tilfærslu á byggingarreit, framkvæmdum skal vera lokið innan 5 ára skv. 6. mgr. 37. greinar skipulagslaga og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

6. 2202571 - Víkingastræti 2, breyting á deiliskipulag

10.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl. Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Víkingastræti 2.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulag Víkingastrætis 2 og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

7. 2206043 - Snókalönd, nýtt deiliskipulag

12.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 07.01.2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg. Skipulagið afmarkast af gamalli hraunnámu sem í dag er skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir einni lóð þar sem gert er ráð fyrir aðkomu, bílastæðum og byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir byggingum tengdum norðurljósaskoðunum. Tillagan var auglýst 14.12.2022-25.1.2023. Athugasemdir bárust. Lögð fram umsögn vegna framkominna athugasemda.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn vegna framkominna athugasemda og vísar uppfærðum gögnum til staðfestingar bæjarstjórnar.

8. 2207373 - Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum

Bæjarfulltrúar Samfylkingar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
1903. fundur 1. febrúar 2023

Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar felur bæjarstjóra að ganga til viðræðna við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, f.h. innviðaráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar um samning á grundvelli rammasamnings innviðaráðuneytisins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík hefur riðið á vaðið og undirritað fyrsta samninginn við ríkið á grunni rammasamkomulagsins.

Bæjarráði er falið að skipa samninganefnd sem í skulu sitja 5 kjörnir fulltrúar og setja henni erindisbréf. Nefndinni er ætlað að leiða viðræðurnar fyrir hönd bæjarins og hún skal vinna að samningsmarkmiðum fyrir Hafnarfjarðarbæ gagnvart ríkinu sem og greina uppbyggingarþörf og nauðsynlega innviðaupbyggingu og leggja fjárhagslegt mat á verkefnið. Stefnt skal að því að ljúka samningsgerðinni tímanlega þannig að hægt verði að vinna heildstæða innviðaaáætlun fyrir fjárhagsáætlun 2024.

Greinargerð:

Sveitarfélögin í landinu hafa metið þörf fyrir uppbyggingu 35 þúsund íbúða á næstu 10 árum til að mæta fólksfjölgun. Að auki er það mat sveitarfélaganna að til staðar sé uppsöfnuð óuppfyllt íbúðarþörf upp á 4.500 íbúðir. Staðan hjá eigna- og tekjulægri hópum samfélagsins á húsnæðismarkaði hefur verið mjög erfið á síðustu árum og vandinn hefur vaxið. Það er því sannarlega þörf á stóru og samhentum húsnæðisátaki hjá ríki og sveitarfélögum.

Í júlí sl. undirrituðu innviðaráðuneytið, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Samband Íslenskra sveitarfélaga rammasamkomulag um húsnæðisáætlun Íslands 2023-2032. Rammasamkomulagið felur í sér að ríki og sveitarfélög sameinast um stefnu og aðgerðir til að tryggja uppbyggingu íbúða í samræmi við þörf, milli innviðaráðherra og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir hönd íslenska ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Tilgangur rammasamkomulagsins er að auka íbúðaframboð til að mæta fyrirsjáanlegri þörf ólíkra hópa samfélagsins til skemmri og lengri tíma og gera húsnæðisáætlanir að lykilstjórnþæki hins opinbera. Einnig að leggja grunn að beinu samningssambandi milli ríkis og einstakra sveitarfélaga þar sem stefnt er að auknu lóðaframboði ásamt því að veita nauðsynlegan fjárstuðning til að tryggja íbúðaupbyggingu.

Rammasamkomulagið kveður á um að ríki og sveitarfélög eru sammála um að til þess að mæta íbúðarþörf næstu 10 ára þurfi að byggja 35 þúsund íbúðir. Aðilar samningsins eru einnig sammála um að leggja sérstaka áherslu á uppbyggingu

hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði og að hlutfall þeirra verði að jafnaði 30% nýrra íbúða og að hlutfalli félagslegra íbúða verði að jafnaði sem næst 5% nýrra íbúða.

Staðan í húsnæðismálum í Hafnarfirði hefur verið þung á undanförunum árum. Á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá bæjarfélaginu eru núna 190 umsóknir. Þar af eru 74 umsóknir metnar í brýnni þörf og meðalbiðtími eftir íbúð á vegum bæjarins eru langur. Illa hefur gengið að fjölga félagslegum íbúðum hjá bæjarfélaginu enda uppbygging verið hæg síðustu ár. Í dag er Hafnarfjarðarbær með 282 íbúðir í félagslega kerfinu eða 9,22 íbúðir á hverja þúsund íbúa. Einnig er mikil þörf á hagkvæmum íbúðum á viðráðanlegu verði. Árið 2020 voru veitt stofnframlög fyrir 150 íbúðum á vegum Bjargs Íbúðafélags en brýnt er að setja aukinn kraft í slíka uppbyggingu í Hafnarfirði.

Í samningi Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins er nauðsynlegt að skýrt verði kveðið á um að hlutfall hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði 30% nýrra íbúða sem og að hlutfall félagslegra íbúða 5% allra nýrra íbúða. Tryggja verður aðkomu ríkisins að þeirri uppbyggingu.

Að auki er brýnt að ráðist verði í átak við að eyða biðlistum á sérstökum búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk. Í dag eru 35 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk og 14 þeirra teljast í brýnni. Auk þeirra eru tæplega 20 einstaklingar á herbergjaheimilum en lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 39/2018 kveða á um að þeim einstaklingum skuli bjóðast aðrir búsetukostir. Meðalbiðtími eftir íbúðum er mjög langur og því mikilvægt að í samningum við ríkið verði fjármögnun á uppbyggingunni tryggð sem og rekstur þeirra.

Í ljósi framangreinds er ljóst að þörf er á samhentum átaki ríkis og sveitarfélaga í húsnæðismálum. Þörf er á húsnæðissáttmála. Rammasamkomulag innviðaráðherra og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir hönd ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga er grundvöllur slíks þjóðaráttaks. Nú hefur Reykjavík riðið á vaðið og undirritað samkomulag við innviðaráðherra um aukið framboð íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á tímabilinu 2023-2032 og fjármögnun á uppbyggingu á hagkvæmum íbúðum og félagslegu húsnæði. Til þess að ná markmiðum innviðaráðherra um framboð íbúða á næstu árum og uppbyggingu íbúða á viðráðanlegu verði og fjölgun félagslegra íbúða verða önnur sveitarfélög nú að fylgja í kjölfarið á Reykjavík og ganga til samninga við innviðaráðherra á grundvelli fyrrnefnds rammasamkomulags.

Fundargerðir

9. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fjölskylduráðs frá 24.janúar sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 26.janúar sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 11.janúar sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 18.janúar sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20.janúar sl.

d. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 9.desember sl.

e. Fundargerð stjórnar SSH frá 9.janúar sl.

f. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 6.janúar sl.

Fundargerð innkauparáðs frá 11.janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 25.janúar sl.
a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 6.janúar sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 25.janúar sl.
a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar frá 17.janúar sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 30.janúar sl.

30.01.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri